

# LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL • 107 REYKJAVÍK • SÍMAR 91-29899, 630325, 630300 • KT. 710169-3579



Stofnað 1949

## 7. fundur stjórnar L.H. var haldinn í Bændahöllinni 24. júní 1994 kl. 14:30.

Mættir voru: Guðmundur Jónsson, Guðbrandur Kjartansson, Halldór Gunnarsson, Sigfús Guðmundsson, Sigbjörn Björnsson, Jón Bergsson, Sigurgeir Bárðarson, Kristján Auðunsson og Sigurður Pórhallsson framkvæmdastjóri L.H. Kristmundur Halldórsson kom kl. 15:00 á fundinn.

Formaður setti fund og bauð menn velkomna.

1. 4. liður boðaðrar dagskrár tekinn fyrir fyrst þ.e. skoðuð ýmiss mál sem unnið hefur verið að.

A) Sóttvarnir, fundur með yfirdýralækni og Flugleiðum m. flt. frá L.H., Félagi hrossabænda og HÍS. Af hálfu L.H. sátu fundinn Guðbrandur Kjartansson og Kristján Auðunsson. Guðbrandur greindi frá því helsta sem fram kom á þessum fundi og töldu þeir félagar Guðbrandur og Kristján að fundurinn hefði verið mjög gagnlegur. Bæklingur um sóttvarnir og leiðbeiningar til þeirra sem koma til landsins með reiðtygi, reiðfatnað o.fl. þess háttar er í prentun og kemur út á næstu dögum. Kostnaðinn af útgáfunni greiða yfirdýralæknisembættið, L.H., HÍS og Félag hrossabænda.

B) Fundur um reiðvegagerð við Flóttamannaveg og Vesturlandsveg með þáttöku hestamanna, vegagerðarmanna og skipulagsstjóra á stóré Reykjavíkursvæðinu. Guðmundur, Guðbrandur og Sigurður mættu þar. Einnig mætti Rögnvaldur Jónsson verkfræðingur. Fulltrúar sveitarfélaga mættu illa, aðeins einn mætti úr Mosfellsbæ.

C) Þjóðhátíðarþátttaka hestamanna á Þingvöllum. Sigurður greindi frá þáttöku hestamanna sem tókst í alla staði vel og vakti athygli ekki síst útlendinga sem þar voru.

D) Leiga og lagfæringar á Skógarhólum í tengslum við afmælis-hátíðina, vinnudagar o.fl. Kristján greindi frá málinu. Kom fram hjá honum að þjóðhátíðarnefnd mun greiða í leigu vegna afnota af Skógarhólum í vor til L.H, kr. 200.000.- Auk þess mun þjóðhátíðarnefn láta fara fram endurbætur á hesthúsini í Skógarhólum og er þegar byrjað á verkinu. Skógarhólanefnd L.H. vinnur að því að vatn og rafmagn komi í Skógarhóla á þessu sumri.

E) Dómsmál vegna ferðar til Norrköping 1991. Guðmundur, Sigurður og Kristján skýrðu málið fyrir nefndarmönnum. Sigurður og Guðmundur munu skoða þetta dómsmál frekar og kynna það á stórnarfundi síðar.

F) Umsóknir um styrki úr Áningarhólfasjóði. Borist hafa þrjár umsóknir um styrki úr sjóðnum. Stjórnin samþykkti að fresta afgreiðslu umsóknanna til haustsins.

G) Svar framkvæmdanefndar FM'93 vegna athugasemda L.H. við skýrslu framkvæmdanefndar. Formaður las bréf nefndarinnar þar sem hún skýrir sjónarmið sín er fram komu í skýrslu nefndarinnar í kafla 22 um dómaramál og kafla 26 um samskipti við fjölmíðla. Stjórn L.H. telur svar nefndarinnar skýrt og málinu lokið.

H) Svar Landverndar við umsókn um styrk úr Pokasjóði. Í bréfi Landverndar kemur fram að ekki er hægt að verða við umsókn um styrkveitingu að þessu sinni.

I) Móttekið bréf frá hestamannafélaginu Dreyra Akranesi varðandi mál knapans Ólafs Guðna Sigurðssonar. Samkvæmt þeim upplýsingum sem stjórnin hefur um málið er hér um einstaklingsbundið mál að ræða sem leysa verður heima í héraði. Sigurði falið að senda Dreyra bréf og skýra niðurstöðu stjórnarfundarins er þetta mál varðar.

2. Formaður kynnti bréf Eiðfaxa h.f. til sjónvarpsstöðva. Er það af því tilefni að sjónvarpsstöðvarnar telja sig ekki hafa nægjanlegt svigrúm til gerðar þátta af LM'94 vegna samnings Eiðfaxa. Petta mál var mikil rætt og komið er í ljós að ákvæði eru of þróng. Er verið að reyna að leysa málið.
3. **Landsmótið 1994.** Sigfús greindi frá undirbúningi mótsins og taldi allt ganga vel og samkvæmt áætlun. Ákvæðið er að stjórn L.H. taki þátt í hópreiðinni á mótinu. Ákvörðun un búning stjórnarmanna í hópreiðinni verður tekin síðar og Sigurði falið að tilkynna stjórnarmönnum niðurstöðuna símleiðis strax og niðurstaða liggur fyrir í málinu. Ýmiss atriði varðandi Landsmótið og undirbúning þess voru rædd.
4. **Aðalfundur FEIF 4. júlí.** Fundurinn er haldinn hér í Reykjavík að þessu sinni og er þetta jafnframt 25 ára afmælisfundur. Undirbúningur fundarins er í höndum Búnaðarfélags Íslands og L.H. Fulltrúar L.H. og Búnaðarfélagsins eru Guðmundur Jónsson fyrir L.H. og Kristinn Hugason fyrir BÍ. Fundurinn er haldinn í tengslum við Landsmótið. 18 þjóðir eru aðilar að FEIF og er gert ráð fyrir fulltrúum frá þessum þjóðum öllum. Stjórnin ákvað að heiðra FEIF samtökin með gjöf sem

afhent verður í tengslum við fundinn. Jafnframt aðalfundinum verða haldnir fundir og ráðstefnur varðandi ræktunarmál, dómaramál og sportmál innan FEIF. Skiptar skoðanir voru meðal stjórnarmanna varðandi veisluhöld og gestalista varðandi aðalfundinn þ.e.a.s. uppákomur í tengslum við hann. Fram kom að aðilar utan L.H. hafa að mestu samið umræddan gestalista. Eins og kunnugt er fer HÍS nú með öll þau mál er varða keppni í hestaíþróttum á vegum FEIF samkvæmt sérstöku erindisbréfi frá stjórn L.H. dagsett 26. júní 1991.

- 5. Reiðvegaáætlun, umræða og framkvæmd.** Rætt var um hvernig best verði unnið að framkvæmd reiðvegaáætlunar á landsvísu og einstökum kjördæmum. Stjórnin telur eðlilegast að virkja öll hestamannafélögin í landinu í því reiðvegaátki sem framundan er. Því samþykkti fundurinn að mælast til þess að hestamannafélögin tilnefni einn aðila úr stjórn hvers félags sem tengilið við önnur félög innan hvers kjördæmis. Pessir fulltrúar félaganna velji síðan 2 trúnaðarmenn úr sínum hópi sem tengiliði við stjórn L.H. Sigurði falið að rita formönnum félaganna bréf varðandi þetta mál sem fyrst með viðeigandi útskýringum.
- 6. Rætt var um vistun stóðhesta sem eru þátttakendur í gæðingakeppni á Landsmótinu.** Petta var gert að gefnu tilefni vegna fyrirspurnar frá Skagfirðingum um þetta efni. Sigfúsi falið að athuga málið og finna lausn ef nokkur kostur er hjá framkvæmdaneftnd Landsmótsins.
- 7. Rætt um ýmislegt sem þarf að ræða á næsta þingi og menn beðnir að ígrunda þetta með sér fyrir næsta fund.**

Fundi slitið kl. 19:30

Halldór Gunnarsson  
 Guðbrandur Kjartansson  
 Kristján Auðunsson  
 Sigbjörn Björnsson  
 Sigfús Guðmundsson

Guðmundur Jónsson  
 Kristmundur Halldórrsson  
 Jón Bergsson  
 Sigurgeir Bárðarson